

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Enn fremur er heimilt að endurgreiða söluskatt af vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. málsg. 13.1. í 13. gr. laganna bætast orðin:

Þar er þó einnig heimilt að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.